

## Tillaga til þingsályktunar

### um myndlistarnám fyrir börn og unglunga.

Flm.: Logi Einarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Halldóra Mogensen,  
Jakob Frímagn Magnússon, Helga Vala Helgadóttir, Andrés Ingi Jónsson,  
Oddný G. Harðardóttir, Guðbrandur Einarsson,  
Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir,  
Guðmundur Ingi Kristinsson, Ásthildur Lóa Þórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra að hefja vinnu við gerð frumvarps til laga um myndlistarnám barna og unglunga með það að markmiði að auka veg sjónlista á Íslandi. Frumvarp þetta verði lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi. Við frumvarpsgerðina verði horft til þess fyrirkomulags sem gildir um nám í tónlist.

#### Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið lögð fram þrisvar áður, síðast á 150. löggjafarþingi (287. mál), og er nú endurflutt.

Myndlist hefur gildi í sjálfri sér en er einnig mikilvægur spegill á samtíma okkar. Þá er myndlistarnám grunnur undir margar aðrar greinar sjónlista sem skipta samfélagið miklu máli. Má þar nefna tölvuleikjagerð, grafíska hönnun, arkitektúr, iðnhönnun, ljósmyndun, fatahönnun og kvikmyndagerð. Það má segja að fyrir þessar greinar geti myndlist gegnt sama hlutverki og rannsóknarstarf innan og utan háskóla gegnir fyrir hefðbundnari greinar atvinnulífsins.

Í náinni framtíð tæknivæðingar og gervigreindar er talið að meira en helmingur allra hefðbundinna starfa verði unninn án beinnar aðkomu mannsins. Þó er talið að þær greinar sem krefjast sérhæfingar, sköpunar og frumkvæðis verði áfram unnar af mönnum. Störf innan sjónlista eru ekki aðeins líkleg til að verða meðal þeirra heldur mun skapandi hugsun verða sífellt mikilvægari eiginleiki. Myndlistarnám barna og unglunga er skynsamleg leið til að efla þá.

Sjónlistir eru nú þegar, ásamt öðrum skapandi greinum, mikilvægur og sívaxandi hluti af efnahagslífi okkar. Til stuðnings því sjónarmiði nægir að benda á rannsóknir Ágústs Einarssonar á hagrænum áhrifum skapandi greina. Þá hafa sjónlistir og hönnun leikið mikilvægt hlutverk þegar kemur að því að byggja upp ferðaþjónustuna sem er nú ein af okkar mikilvægustu atvinnugreinum. Stór liður í að tryggja sjálfbæra ferðaþjónustu til langs tíma er uppbygging sem tekur mið af gæðum, varanleika, samhengi og sterkri meðvitund um sérstöðu landsins. Ýmsar greinar sjónlista munu eiga stóran þátt í þessari uppbyggingu auk þess sem þær móta áþreifanlegustu einkenni byggðar okkar og umhverfis. Þess vegna er skynsamlegt að undirbúa ungt fólk sem best áður en það tekst á hendur framhaldsnám í þessum greinum.

Í niðurstöðum könnunar mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá því í mars 2017 kemur fram að „verulegur misbrestur er á því hvernig skólar ráðstafa kennslumínútum til list- og verkgreina“, jafnframt að sumir skólar verja engum tíma í 8.–10. bekk í kennslu list- og

verkgreina. Samkvæmt drögum að myndlistarstefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem birt var á samráðsgátt 21. september sl., er eitt af meginmarkmiðum hennar að efla þjálfun í skapandi hugsun ásamt listkennslu og myndlæsi innan skólakerfisins. En þeir mælikvarðar sem settir eru til grundvallar slíku markmiði snúa þó ekki að beinu námi í myndlist, t.d. því að auka kennslu í myndlist. Þingsályktunartillaga þessi styður þó þau markmið sem sett eru fram í drögum að myndlistarstefnu.

Sökum tilviljanakennds framboðs og víða einskis framboðs á myndlistarkennslu fyrir börn og unglínga fyrir utan hið hefðbundna skólakerfi koma íslensk ungmenni oft verr undirbúin í slíkt nám á framhalds- og háskólastigi en æskilegt væri. Vegna lítils undirbúnings getur það tekið nemendur á framhalds- og háskólastigi talsverðan tíma að átta sig á hvar á sviði sjónlista styrkleikar þeirra og áhugi liggur. Ólíkt tónlistarskólanemum, sem hafa langt nám að baki þegar þeir fara í framhaldsnám og hafa auk þess sérhæft sig í leik á ákveðið hljóðfæri, eru myndlistarnemar oft nánast á byrjunarreit. Gildi grunnþátta myndlistar á unga aldri fyrir árangur seinna á námsferlinum er þó ekki ólíkt í myndlist og tónlist.

Myndlistarnám er hagkvæmt í framkvæmd. Ólíkt mörgum öðrum greinum, svo sem tónlist, hentar nám í myndlist einkar vel til hópkenndu, a.m.k. þegar um grunnnám er að ræða. Hér er því um að ræða afar skynsamlegt úrræði sem gerði mörgum börnum og unglíngum kleift að sinna uppbyggilegu námi fyrir tiltölulega lítið fé.

Stjórnvöld þurfa að bregðast við sífellt auknum áhuga á starfi við sjónlistir og viðurkenna aukið mikilvægi þeirra í atvinnulífi framtíðarinnar þar sem skapandi hugsun verður sífellt mikilvægari.

Myndlist hefur mikil áhrif á samfélagið, sama hvort horft er á frá þröngu sjónarhorni efnahagslífsins eða út frá fegurðinni og rýni sjónlistarmanna á samfélagið hverju sinni. Þess vegna þarf myndlistarkennsla að fá meira vægi í íslensku menntakerfi.